



351. fundur Afrekssjóðs ÍSí

31. mars 2026 kl. 12.10

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Kári Mímisson (KM), Birna Lárusdóttir (BL)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Kristín Birna Ólafsdóttir afrekisstjóri ÍSí (KBÓ).

Fjarverandi: Daníel Jakobsson (DJ), Stefán Jóhannesson(SJ)

1. Endurskoðun á reglum, árangursvarða og viðmiðum vegna úthlutunar 2027

Umræða fór fram hvernig fundir með sérsamböndum hefðu gengið.

Starfsmenn AMÍ og ASJ funduðu tvisvar með sérsamböndunum í mars til að heyra frá þeim hverju sérsamböndin vilja breyta varðandi reglur ASJ, árangursvarða og viðmið. Fundirnir gengu vel, sér í lagi seinni fundurinn þar sem fundað var í minni hópum og skilvirkari umræða náðist.

Fjöldi athugasemda komu auk þess sem nokkur sérsambönd hafa sent tölvupóst með sínum vangaveltum. Stjórnarfolk hefur fengið athugasemdirnar til skoðunar.

Munu nú starfsmenn ASJ og AMÍ skoða athugasemdirnar og rýna tillögur að breytingum með stjórn AMÍ og ASJ.

Umræða fór fram um hvaða verkefni varðandi þessa endurskoðun ættu að liggja hjá stjórn ASJ og hvaða verkefni hjá stjórn AMÍ.

Gert er ráð fyrir að fljótlega eftir páska verði fundur með formönnum ASJ og AMÍ þar sem verkaskiptingin verður kynnt.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Stefnt að næsta fundi tveimur vikum eftir páska.

Fundi slitið kl. 13.15.